

Ed.

25. Breytingartillögur

[8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurvin Einarssyni.

Aftan við 1. gr. bætist:

1. B. 111 orðist svo:

Suðurfjarðavegur: Frá Bildudal um Suðurfirði til Langabotns í Geirþjófsfirði, með álmu frá Trostansfirði á Arnarfjarðarveg.

2. B. 115 orðist svo:

Rauðasandsvegur: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum í Patreksfirði, um Hvalsker og Saurbæ að Lambavatni á Rauðasandi, með álmu frá Helgubúfu við Bjarnkötuldalsá að Melanesi.

3. B. 116 orðist svo:

Örlygshafnarvegur: Af Rauðasandsvegi hjá Hvalskeri um Sauðlauksdal, Örlygshöfn, Hafnarfjall, Breiðuvík, Hvallátra að Bjargtangavita, með álmu frá Geitagili að Gjögnum.

4. Á eftir B. 117 komi nýir liðir:

a. *Hænuvíkurvegur*: Af Örlygshafnarvegi á Gjögnum um Hænuvík til Kollsvíkur.

b. *Siglunesvegur*: Af Barðastrandarvegi við Haukabergsá um Holt og Hreggstaði að Siglunesi.

c. *Hjarðarnesvegur*: Af Barðastrandarvegi í Þingmannadal um Fossá og Auðshaug, fyrir Kjálkafjörð að Litlanesi.